

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar

8. apríl 2020

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands hefur lokið endurmati á eiginfjárukum vegna kerfisáhættu og kerfislegs mikilvægis. Niðurstaða nefndarinnar er sú að báðum aukunum verði haldið óbreyttum. Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu verði áfram 3% vegna innlendra áhættuskuldbindinga þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til móttöku innlána, hvert fyrir sig og á samstæðugrunni, eftir því sem við á. Eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis verður áfram 2% á allar áhættuskuldbindingar á móðurfélags- og samstæðugrunni. Endurmat á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum í samræmi við aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka, og Landsbankans.

Eiginfjárukar eru eiginfjárkröfur sem lagðar eru á fjármálafyrirtæki til viðbótar við lágmarkskröfu um eigið fé. Þeim er ætlað að tryggja rekstrarhæfi við álagsaðstæður. Mikilvægt er að hafa í huga að fjármálafyrirtæki geta gengið á verndunarauka og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis ef á þarf að halda. Slíkt kann einungis að hafa áhrif á heimildir fjármálafyrirtækja til útgreiðslna, svo sem arðgreiðslna og kaupauka.

Reglur um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu og kerfislegs mikilvægis hafa verið samþykktar og taka gildi eftir birtingu í Stjórnartíðindum.

Jafnframt telur fjármálastöðugleikanefnd rétt að sett verði á stofn sérstök og tímabundin lánafyrirgreiðsla í formi veðlána. Lausafjárstaða fjármálafyrirtækja er traust en vegna óvissu um framvinduna telur nefndin mikilvægt að Seðlabankinn hafi til reiðu slíkt úrræði þar sem útvíkkað verði tímabundið hæfi veða. Er þetta gert með vísan til 13. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og mun bankinn sjá um að framkvæma úrræðið innan þess ramma sem samþykktur var af nefndinni.

Fjármálastöðugleikanefnd ítrekar fyrri tilmæli sín til fjármálafyrirtækja að taka tillit til þeirrar miklu óvissu sem uppi er í þjóðarbúskapnum við ákvörðun um útgreiðslu arðs og endurkaup á eigin hlutabréfum á komandi misserum. Nefndin er líkt og áður reiðubúin að beita þeim tækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi.

Íslenska fjármálakerfið stendur traustum fótum og eiginfjárstaða bankanna er sterk. Nýlegar aðgerðir Seðlabankans, um afléttingu sveiflujöfnunaraukans og breytingar á bindiskyldu, hafa aukið svigrúm þeirra til að styðja við heimili og fyrirtæki í gegnum það áfall sem Covid-19 faraldurinn mun hafa för með sér. Sveigjanleiki núgildandi eiginfjáruka veitir jafnframt rými til að bregðast við aðstæðum sem nú eru uppi í efnahagslífinu.